



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2026

Þann 10. febrúar sl. sendi umboðsmaður barna félags- og húsnæðismálaráðuneytinu erindi þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort Gæða- og eftirlitsstofnun (GEV) hafi þróað gæðaviðmið fyrir barnaverndarþjónustu. Svar frá ráðuneytinu barst embættinu 4. mars sl. Í svari ráðuneytisins kemur fram að vinnu við gæðaviðmið félagsþjónustu sé að ljúka og að GEV geti að því búnu hafið vinnu við gerð gæðaviðmiða fyrir barnaverndarstarf á Íslandi. Þá segir að drög að verkefna- og tímaáætlun um þróun slíkra gæðaviðmiða verði send mennta- og barnamálaráðuneytinu í þessum mánuði. Þangað til ný gæðaviðmið hafi verið gefin út sé áfram stuðst við staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda.

Líkt og áður hefur komið fram er GEV m.a. ætlað það meginhlutverk að þróa gæðaviðmið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar á málaflokkum á verkefnasviði stofnunarinnar, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun. Þá var framkvæmdaáætlun í barnavernd samþykkt á Alþingi um miðjan desember 2023 sem miðaði að umfangsmikilli endurskoðun og úrbótum á þjónustu við börn. Áætluninni var einnig ætlað að tryggja vernd barna sem standa höllum fæti í samfélaginu. Meðal aðgerða áætlunarinnar var setning gæðaviðmiða fyrir barnaverndarþjónustu og er ábyrgðaraðili þeirrar aðgerðar GEV. Framkvæmdaáætlunin gildir til ársins 2027 þegar ný framkvæmdaáætlun í barnavernd skal lögð fram.

Gæðaviðmiðin eru sérstaklega mikilvæg fyrir barnaverndarþjónustur til að skýra þær kröfur sem gerðar eru til þjónustunnar. Þá er viðmiðunum ætlað að tryggja gæði þjónustu og stuðla að því að samræma þjónustu, verklag, ferli og kerfi. Umboðsmaður barna telur gæðaviðmiðin einnig vera forsendu þess að stofnunin geti sinnt lögbundnum skyldum sínum með fullnægjandi hætti þar sem lögin gera ráð fyrir að eftirlitshlutverk stofnunarinnar grundvallist að miklu leyti á þeim gæðaviðmiðum sem stofnunin setur. Að mati umboðsmanns barna er það þess vegna

brýnt að gæðaviðmiðum fyrir barnaverndarþjónustu verði forgangsraðað í starfsemi stofnunarinnar.

Hvað varðar staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda sem ráðuneytið vísar til að áfram eigi að styðjast við telur umboðsmaður barna rétt að nefna tvennt. Staðlarnir voru settir af Barnaverndarstofu árið 2011 og eru komnir til ára sinna en nokkrar breytingar hafa orðið á barnaverndarkerfinu síðan þá. Jafnframt taka staðlarnir eingöngu til afmarkaðs hluta barnaverndarþjónustu en ekki þjónustunnar í heild.

Í bréfi ráðuneytisins er vísað til þess að drög að verkefna- og tímaáætlun um þróun gæðaviðmiða í barnaverndarþjónustu verði send mennta- og barnamálaráðuneytinu í þessum mánuði. Óskar umboðsmaður barna eftir afriti af þeirri verkefna- og tímaáætlun þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna